

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, mánudaginn 13. nóvember 2017, í máli nr. E-934/2016:

Sjómannasamband Íslands

(Björn L. Bergsson hrl.)

gegn

Þorbirni hf.

(Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. október 2017, er höfðað með birtingu stefnu 28. september 2016.

Stefnandi er Sjómannasamband Íslands, kt. 000000-0000, Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

Stefndi er Þorbjörn hf., kt. 000000-0000, Hafnargötu 1, Grindavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði að stefnda hafi borið að greiða skipverjum á fiskiskipinu Valdimar GK-195 aflahlut af heildarsöluverðmæti grálúðuafla er seldur var á markaði 29. október 2015, í samræmi við gr. 1.28.1 í gildandi kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað.

I

Stefndi er útgerðarfélag sem meðal annars gerir út fiskiskipið Valdimar GK-195. Skipið er 344,33 brúttólestir, 41,6 metra langt og heimahöfn þess er í Vogum. Skipið stundar línuveiðar og er búið beitningavél. Fjórtán manns eru í áhöfn skipsins og því fer um hlutskipti skipverja eftir grein 2.06 í kjarasamningi stefnanda, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, og Landssambands íslenskra útvegsmanna, nú Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sem undirritaður var 17. desember 2008. Samkvæmt ákvæðinu skal hundraðshluti áhafnar af afla vera 32,3%.

Hinn 28. október 2015 var landað 1.574 kílóum af grálúðu úr fiskiskipinu Valdimar GK-195 og var aflinn seldur daginn eftir sem svokallaður VS-aflí á fiskmarkaði Siglufjarðar. Fyrir aflann fékkst að meðaltali 441 króna á kíló. Í stefnu kemur fram að samkvæmt launauppgjöri við Sigurjón Má Stefánsson, háseta á skipinu og félagsmann Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur, fyrir tímabilið 1.

október til 3. nóvember 2015, hafi við útreikning á aflahlut hans verið miðað við að verð á grálúðu í þetta sinn hafi numið 88,20 krónum á kíló. Hafi hásetahlutur skipverjans því verið reiknaður af um 20% af verðmæti aflans og laun hans og annarra skipverja því sætt skerðingu sem numið hafi mismun þessa og heildarverðmætis grálúðuaflans. Uppgjör á aflanum hafi stefndi byggt á 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Stefndi bendir á að svokallaður VS-afli byggist á ákvæðum 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Í tilgreindum ákvæðum sé kveðið á um það að skipstjóri geti haldið allt að 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili utan aflamarks. Skilyrði fyrir því að skipstjóra sé þetta heimilt séu þau að hann haldi aflanum aðskildum frá öðrum afla og að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði. Skuli andvirði aflans ráðstafað milliliðalaust af viðkomandi uppboðsmarkaði þannig að 80% renni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins og 20% renni til útgerðarinnar og skuli sá hluti skiptast milli hennar og áhafnar í samræmi við samninga þar um.

Af gögnum málsins megi sjá að á fiskveiðiárinu 2015/2016 hafi VS-afli skips stefnda, Valdimars GK, verið afar lítill eða 7.495 kg í ýsu og 2.951 kg í grálúðu, eins og afli hafi verið reiknaður til aflamarks. Einnig komi fram í gögnum málsins að heimildir skips stefnda á sama fiskveiðiári til svokallaðs VS-afla hafi verið samtals 126.403 kg miðað við þyngd upp úr sjó, en skip stefnda hafi aðeins nýtt 12.141 kg af þeirri heimild. Í sama skjali megi sjá að heildaraflaheimildir skipsins miðað við óslægðan fisk úr sjó á fiskveiðiárinu hafi verið 2.528.044 kg og því hafi VS-afli skipsins aðeins verið 0,48% af heildarafla skipsins á fiskveiðiárinu 2015/2016 eða óverulegur og innan við tíundi hluti þess sem 9. mgr. 11. gr. laga nr. 161/2006 um stjórn fiskveiða heimili.

Sú framsetning stefnanda að stefndi eða skip hans stundi sérstaklega veiðar á grundvelli heimilda til að landa VS-afla eða að stefndi hafi sérstakan hag af því að landa afla sem VS-afla, eða að það skapi stefnda „hagnað“ á kostnað sjómanna hans, sé röng.

Stefndi bendir á að tilgangur löggjafans með því að leyfa löndun á afla utan aflamarks hafi verið sá að tryggja að komið væri með allan afla að landi. Enginn hagnaður sé fyrir útgerðina eða skipverja af því að veiða og landa afla sem aðeins fáist 20% aflaverðmætis fyrir, enda hafi það ekki verið tilgangur löggjafans að VS-afli skapaði hagnað, heldur væri honum ætlað að koma í veg fyrir sóun og brottkast.

Einnig sé rétt að setja þann VS-afla sem deilt sé um í málinu í samhengi við laun þess sjómanns sem teflt sé fram í málinu, en málið byggist á því að það hafi vantað 8.968 krónur í aflahlut til hans vegna VS-afla í október 2015. Það sé því

ljóst að VS-aflí skipti litlu fyrir heildarverðmæti afla skips stefnda og laun sjómanna á skipinu.

Í greinargerð rekur stefndi forsögu og rökin að baki 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006. Bendir stefndi á að efnisregla í þá veru að útgerð gæti landað afla sem svaraði til 5% af heildarafla skips utan aflamarks gegn því að aflí væri seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði og andvirði hans rynni til Hafrannsóknastofnunar, hafi fyrst verið tekin upp í lög um stjórn fiskveiða með nýju bráðabirgðaaákvæði samkvæmt 7. gr. b laga nr. 129/2001 um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Heimildin hafi verið veitt tímabundið út fiskveiðiárið 2002/2003 og hafi þá átt að endurskoða í ljósi reynslunnar.

Í frumvarpinu hafi verið gerð tillaga um að útgerð skips fengi 10 krónur fyrir hvert kíló selds afla sem þannig væri landað og að sú greiðsla skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

Í greinargerð hafi heimild þessi verið rökstudd með eftirfarandi hætti:

„Í þessari grein er lagt til að heimilt verði að koma með að landi í hverri veiðiferð allt að 5% af heildarafla veiðiferðarinnar og að sá aflí reiknist ekki til kvóta viðkomandi veiðiskips. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að með þessu móti er opnuð leið fyrir veiðiskip að koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði getað farið í hafið aftur, annaðhvort vegna þess að hann er verðlítill eða vegna þess að skipið hefur ekki haft nægilegt aflamark í viðkomandi tegund. Nú ber áhöfn skips vissulega samkvæmt gildandi lögum að hirða allan fisk sem veiðist en það er ljóst að mikil freisting er fyrir hendi að henda verðlittlum fiski og fiski sem viðkomandi skip hefur ekki nægilegt aflamark í. Hefur slíku verið mjög haldið á lofti í umræðum um fiskveiðistjórnun auk þess sem niðurstöður kannana hafa staðreynt það með ótvíræðum hætti að slíkt á sér stað, þótt deila megi um í hversu miklum mæli slíkt sé gert.

Hér er lagt til að uppistaða andvirðis aflans, sem ekki reiknast til kvóta, renni til Hafrannsóknastofnunarinnar og að útgerð skips og áhöfn hafi ekki hag af veiðunum en verði þó greitt eitthvað fyrir þann kostnað og vinnu sem felst í að skila honum að landi. Til þess að ekki fari milli mála hvert andvirðið sé og til að tryggja að útgerðir, sem jafnframt eru með fiskvinnslu, hafi ekki hag af þessum afla er það skilyrði að aflinn verði seldur á opinberum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir.“

Stefndi bendir á að í meðförum þingsins hafi frumvarpinu verið breytt m.a. þannig að 5% heimildin skyldi miðast við heildaraflamark skips, en ekki afla í viðkomandi veiðiferð og að í hlut útgerðar og áhafnar skyldi koma 20% af andvirði aflans. Í rökstuðningi meirihluta sjávarútvegsnefndar Alþingis komi m.a. eftirfarandi fram:

„Telur meiri hlutinn að þessi breyting dragi úr brottkasti á afla, enda getur oft háttað svo til að hlutfall smáfisks sé hátt í einstökum veiðiferðum en miklu lægra í öðrum. Komi hins vegar í ljós í lok tímabils að afli sem hefur verið ráðstafað með þessum hætti sé umfram 5% reiknast umframaflinn til aflamarks skipsins. Þá er horfið frá því að verðmæti aflans sem rennur til útgerðar og áhafnar verði fastákveðin krónutala. Þess í stað er lagt til að 20% verðmætisins komi til skipta. Er þetta talið líklegra til þess að stuðla að því að markmið ákvæðisins nái fram að ganga og muni einnig hvetja til betri meðferðar aflans.“

Með lögum nr. 75/2003 hafi heimild þessi verið endurskoðuð og framlengd um tvö fiskveiðiár eða út fiskveiðiárið 2004/2005, en að auki hafi verið bætt við ákvæðið heimild til að landa allt að 0,5% af uppsjávarafla utan aflamarks. Í rökstuðningi fyrir framlengingunni komi m.a. fram:

„Tilgangur þessa ákvæðis var fyrst og fremst að koma í veg fyrir brottkast með því að opna leið fyrir útgerðir til að koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði getað farið í sjóinn aftur, annaðhvort vegna þess að fiskurinn væri verðlítill eða skip hefði ekki aflamark í viðkomandi tegund.“

Með lögum nr. 28/2005 hafi heimild þessi verið sett með varanlegum hætti í lög um stjórn fiskveiða, sem 9. og 10. mgr. 11. gr. laganna. Hafi þá sú breyting verið gerð að í stað þess að andvirði rynni til Hafrannsóknastofnunar skyldi það renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögsmæts sjávarafla. Engar sérstakar röksemdir hafi verið færðar fram í frumvarpinu fyrir því að heimildin yrði gerð varanleg.

Stefndi bendir á að Verkefnasjóður sjávarútvegsins sé sjóður á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og sé fé úr honum að mestu varið til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Meginverkefni hans felist í því að styðja við starfsemi og verkefni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, fiskveiðieftirlits Fiskistofu og Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar, Matís ohf. sem og Rannsóknasjóðs um aukið verðmæti sjávarfangs (AVS-rannsóknasjóðs), sbr. reglur nr. 770/2011 um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.

Með lögum nr. 70/2011 hafi ákvæðinu verið breytt þannig að ráðherra var veitt heimild til að árstíðaskipta heimildinni og hafi ákvæðið verið óbreytt síðan.

Stefnandi kveðst líta svo á að uppgjör til sjómanna á grundvelli 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða fái ekki staðist. Stefnandi hafi ítrekað krafist þess að stefndi og aðrar útgerðir, sem bundnar séu af kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna, greiði skipverjum sínum laun í samræmi við umsamin skiptakjör samkvæmt grein 1.28.1 í samningnum. Með bréfi stefnanda 10. desember 2015 hafi hann skorað á stefnda að gera réttilega upp við Sigurjón Má

Sigurjónsson, en án árangurs og hafi lögmanni í kjölfarið verið falið mál skipverjans til innheimtu. Með bréfi lögmannsins 14. mars sama ár hafi þess verið krafist að skipverjanum yrðu greiddar samtals 25.671 króna í ógreidd laun, dráttarvexti og innheimtukostnað.

II

Stefnandi byggir aðild sína að máli þessu á 3. tölulið 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem félagi eða samtökum manna sé heimilað í eigin nafni að reka mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna sinna eða til lausnar undan tilteknum skyldum. Í málinu sé leitað viðurkenningar á rétti félagsmanna aðildarfélags stefnanda samkvæmt kjarasamningi sem stefnandi hafi gert á grundvelli lagaskyldu í 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en tilgangur stefnanda sé meðal annars að annast um samningagerð fyrir félög sambandsins og hagsmunagæslu fyrir þau. Eigi ákvæði 3. töluliðar 25. gr. laga nr. 91/1991 því við í þessu tilviki.

Stefnandi byggir á því að um kjör félagsmanna aðildarfélaga hans skuli fara samkvæmt kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna, nú Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi, og stefnanda sem undirritaður hafi verið 17. desember 2008 og gilt frá 1. janúar 2009. Kjarasamningurinn hafi að geyma lágmarkskjör í skilningi 1. gr. laga nr. 55/1980. Stefndi sé bundinn af samningnum og geti ekki undan honum vikist.

Stefnandi byggir jafnframt á grundvallarreglunni um samningsfrelsi en í reglunni felist að aðilar ráði efni samnings sín á milli. Þá sé frelsi stefnanda sem stéttarfélags til þess að gera samninga við viðsemjendur sína sérstaklega varið af 2. mgr. 75 gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem kveði á um að löggjafanum beri með lögum að kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Af þessu leiði að kjarasamningi verði ekki vikið til hliðar nema skýr áskilnaður þar um komi fram í lögum, en sú sé ekki raunin í þessu tilviki. Í máli þessu hátti svo til að stefndi hafi kosið að reikna ekki aflahlut af söluverðmæti tiltekins afla í tiltekinni veiðiferð, þ.e. grálúðu sem landað hafi verið 28. október 2015, samkvæmt kjarasamningi, heldur aðeins af 20% verðmæti grálúðuafans. Stefndi hafi talið sér þetta heimilt með vísan til 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006. Að mati stefnanda fái það ekki staðist enda hafi löggjafinn ekki kveðið á um að þau lög skuli ganga framar kjarasamningum sem aðilar hafa gert sín á milli um skiptakjör, í krafti lagaheimilda og stjórnarskrárvarinna réttinda þar að lútandi.

Í 1. gr. kjarasamningsins komi fram að samningurinn gildi fyrir öll skip sem gerð séu út til veiða sem skilgreindar séu í samningnum, þar með taldar línuveiðar eins og stundaðar væru á Valdimar GK-125. Um skiptakjör sé fjallað ítarlega í

kjarasamningnum og byggir stefnandi á því að ákvæði kjarasamningsins kveði á um lágmarkskjör sem ekki verði vikist undan, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938. Ákvæði kjarasamningsins geri ráð fyrir því að aflahlut skuli skipt milli áhafnar og útgerðar og að aflahlut skuli aldrei skipt í fleiri staði en menn séu á skipi í veiðiferð, sbr. gr. 1.02 í kjarasamningnum. Stefnda Þorbirni ehf. hafi því ekki verið heimilt að deila hluta aflaverðmætisins með þriðja aðila. Með því að ákveða að 80% verðmætis grálúðu rynni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins hafi skipverjar á skipinu farið á mis við umsaminn hlut sinn í aflaverðmæti meðan opinber stofnun hafi notið góðs af. Skylda stefnda gagnvart Verkefnasjóði sjávarútvegsins breyti ekki inntaki skyldu stefnanda gagnvart skipverjum sínum. Slíkt sé hvergi áskilið eða umsamið.

Í þessu samhengi byggir stefnandi á því að kjarasamningurinn leggi útgerðarmanni á herðar þá skyldu að tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, sbr. gr. 1.28. Ákvæði samningsins miði að auki við að tryggja sem best að skiptahlutur skili sér til áhafnar með því að skorður séu settar við afdrætti útgerðar af heildarverðmæti, t.d. vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. gr. 1.28, og einnig hvað sé heimilt að draga af söluverðmæti sé afli seldur á uppboði, sbr. gr. 1.29.1 í kjarasamningnum. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi hagað því þannig að ákvörðun um ráðstöfun afla hafi ekki tekið mið af þessum skyldum útgerðarinnar samkvæmt kjarasamningi heldur hafi stefndi ákveðið út frá eigin hagsmunum hvort og hvaða tegundir sem komið sé með að landi skuli falla undir skipti. Með öðrum orðum hafi stefndi ákveðið, í því tilviki sem hér um ræði, einhliða að einungis 20% andvirðis grálúðuaflans skyldi ekki koma til skipta, en 80% andvirðisins skyldi renna til fyrrgreinds sjóðs. Með þessu móti geti stefndi stýrt notkun aflamarks einstakra fisktegunda sem hann hafi til veiða á kostnað áhafnar, sem þó hafi innt af hendi alla þá sömu vinnu og endranær án þess að fá endurgjald vinnu sinnar nema að litlu leyti og alls ekki í samræmi við ákvæði kjarasamningsins um skiptakjör. Áréttað sé í þessum efnum að aflahæfi manna feli í sér stjórnarskrárvarin eignarréttindi sem ekki verði skert nema fullar bætur komi fyrir. Með þessu móti telji stefnandi að stefndi hafi farið gegn óumdeildum ákvæðum kjarasamningsins um það hvernig laun sjómanna, eins og Sigurjóns, skuli reiknuð með hliðsjón af þeim afla sem fiskast og seldur er hverju sinni.

Í samræmi við ofangreint hafi aflahlut skipsins verið skipt milli 14 skipverja 29. október 2015. Samkvæmt grein 1.29.1 í kjarasamningnum skuli skiptaverðmæti vera 70% og þar sem um hafi verið að ræða skip á línuveiðum með beitningarvél skuli hundraðshluti af aflaverðmæti sem eftir standi vera 32,3%, sbr. grein 2.06. Enginn ágreiningur sé með aðilum um þessar útreikningsforsendur. Aflahlutur skipverja af grálúðu í tilgreindri veiðiferð hafi á hinn bóginn ekki verið reiknaður

með þessum hætti heldur aðeins af 20% aflaverðmætisins og skiptaverð af því aflaverðmæti einungis 70% af 20% aflaverðmætisins. Af þeirri ástæðu hafi hásetahlutur á skipinu vegna þess afla aðeins verið 2.242 krónur en ekki 11.210 krónur eins og borið hafi samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins. Engin málefnaleg rök séu fyrir slíkri eftirgjöf skipverja á launum sínum.

Loks byggir stefnandi á því að 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 kveði ekki á um að ákvæðinu megi beita skipverjum til tjóns þannig að þeir fái ekki gagngjald fyrir vinnu sína. Í ákvæðinu sé aðeins mælt fyrir um að skipstjóra sé heimilt að halda tilteknu hlutfalli afla skips utan aflamarks þannig að viðkomandi afli skerði ekki það magn afla sem skipinu hafi verið úthlutað í upphafi fiskveiðiárs. Hvorki í lagaákvæðinu sjálfu né í kjarasamningi aðila sé því gefið undir fótinn að úrræði þetta skuli verða á kostnað áhafnar. Gagnvart útgerðinni megi einu gilda hvernig uppgjör einstakra veiðiferða sé, þar sem aflamarkið haldist óbreytt og megi veiða síðar á fiskveiðiárinu. Á hinn bóginn sé það ekki raunin hvað áhöfn varðar, þar sem ekki sé víst að sama áhöfn njóti þess í launum þegar útgerðin kjósi að nýta kvóta sinn að fullu. Þannig sé ekki gefið að hagsmunir útgerðar og áhafnar fari saman í þessu efni, en hvorki lög né kjarasamningar standi til þess að útgerð geti ákveðið að áhöfn vinni launalaust við að draga fisk úr sjó telji útgerð sér hagfelldara af ástæðum er varða reksturinn að láta aflann renna í VS-sjóð.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna samningaréttar um skyldu til að efna samninga og meginreglna vinnuréttar um réttar efndir ráðningarsamninga og rétt stefnanda til endurgjalds fyrir vinnu sína. Þá er vísað til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sérstaklega 72., 74. og 75. gr. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988.

III

Stefndi kveður málatilbúnað stefnanda ómarkvissan og að erfitt sé að átta sig á því hver sé grundvöllur málshöfðunar stefnanda.

Stefndi kveður það óumdeilt að um kjör skipverja fari samkvæmt kjarasamningum, að kjarasamningar hafi að geyma ákvæði um lágmarkslaun, réttur stéttarfélaganna til að semja um kaup og kjör njóti verndar stjórnarskrár og að ákvæðum kjarasamninga verði ekki vikið til hliðar nema með skýrum ákvæðum í lögum.

Í stefnu sé því haldið fram að í tilvikinu séu ekki fyrir hendi skýr lagaákvæði án þess að það sé skýrt nánar eða fjallað um viðeigandi lagaákvæði og hvers vegna stefnandi telji þau ekki vera nægilega skýr. Stefndi kveðst gera

athugasemdir við umfjöllun stefnanda og kveður sölu á aflanum og ráðstöfun á söluandvirði hans ekki á forræði stefnda heldur bundin í lög. Í lokamálslið 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða sé með nokkuð skýrum og afdráttarlausum hætti kveðið á um það að 20% af endurgjaldi til útgerðar fyrir VS-afla skuli skipt milli útgerðarinnar og áhafnar í samræmi við samninga þar um. Af ákvæðinu sjálfu og skýringum með því leiði að umrædd hlutdeild eigi að koma til skiptingar milli útgerðar og áhafnar, en ákvæði þetta hafi verið skýrt svo í greinargerð við lögfestingu þess:

„Hér er lagt til að uppistaða andvirðis aflans, sem ekki reiknast til kvóta, renni til Hafrannsóknastofnunarinnar og að útgerð skips og áhöfn hafi ekki hag af veiðunum en verði þó greitt eitthvað fyrir þann kostnað og vinnu sem felst í að skila honum að landi.“

Stefndi kveður markmið reglunnar í 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 vera að vinna gegn brottkasti og þar með soun á verðmætum. Af málatilbúnaði stefnanda verði ekki ráðið hvort stefnandi geri ágreining um stjórnskipunarlegt gildi þessa lagaákvæðis. Í stefnu sé áréttað að aflahæfi manna séu stjórnarskrárvarin eignarréttindi án þess að skýrt sé nánar eða fjallað um hvort og af hvaða ástæðum stefnandi telji brotið gegn stjórnarskrárvörðum réttindum skipverja. Verði því fremur að telja að stefnandi sé með almennum hætti að minna á að aflahæfi njóti verndar stjórnarskrár en að um sé að ræða málsástæðu þess efnis að ákvæðin brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Stefndi kveður málatilbúnað stefnanda virðast byggjast á þeirri forsendu að í 10. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða sé ekki kveðið á um það með nægilega skýrum hætti að 20% af aflaverðmæti svonefnds VS-afla komi til skipta milli útgerðar og áhafnar. Í stað þess að fjalla um óskýrleika lagaákvæða kjósi stefnandi að setja mál sitt fram eins og engin lagaákvæði séu fyrir hendi og að ákvörðun um að 20% af söluverði VS-aflans komi í hlut útgerðar og áhafnar sé einhliða ákvörðun stefnda.

Stefnandi haldi því ítrekað fram að stefndi, þ.e. „útgerðin“, taki ákvörðun um það hvort heimild til að landa VS-afla sé nýtt hverju sinni. Samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða sé það hins vegar alfarið á valdi skipstjóra að ákveða það. Ástæða þess að skipstjóra sé falið þetta vald, en ekki útgerð skips, sé væntanlega sú að ákvæðinu sé ætlað að færa skipstjórum tæki til að bregðast við þegar skipið fær afla sem það hafi ekki aflaheimildir fyrir. Í tilviki stefnda sé það algilt að skipstjórar á skipum hans fari einir með þetta vald og því sé ekki rétt að útgerðin hafi tekið eða komið að ákvörðunum um löndun á svonefndum VS-afla.

Stefndi kveðst að öðru leyti hafna málsástæðum stefnanda og kveðst telja sig hafa við uppgjörið fylgt ákvæðum 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, 1. gr. laga

um 24/1986 um skiptaverðmæti og ákvæðum kjarasamnings aðila.

Stefndi byggir á því að ákvörðun skipstjóra Valdimars GK um að landa grálúðuafla í október 2015 sem VS-afla og uppgjör við áhöfn vegna þessa afla hafi verið í samræmi við ákvæði 9. og 10. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða. Stefndi byggir á því að ákvæðin kveði með afdráttarlausum hætti á um það að 20% af andvirði selds afla skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Er óumdeilt að uppgjör við skipverja vegna þessa afla hafi farið fram með þeim hætti.

Stefndi byggir á því að það heildarverðmæti sem útgerðin hafi fengið fyrir aflann hafi komið til skipta. Því hafi að öllu leyti verið farið að 1. gr. laga um skiptaverðmæti nr. 24/1986 og ákvæði 1.29 í kjarasamnings aðila. Í grein 1.29 í kjarasamningi aðila sé vísað til laga nr. 24/1986 um skilgreiningu á því aflaverðmæti sem koma skuli til skipta. Í 1. gr. laga nr. 24/1986 sé kveðið á um það að við útreikning á hlut eða aflaverðlaunum skuli taka mið af því heildarverðmæti sem útgerðin fái fyrir aflann. Það „heildarverðmæti“ sem útgerð fái fyrir VS-afla sé 20% af söluverði hans á uppboði, en hin 80% fari til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Sú greiðsla sem fari til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins komi því ekki frá stefnda eða fari í gegnum stefnda eins og ætla megi af málátlíbúnaði stefnanda. Ekki sé því rétt að aflaverðmæti sem komið hafi í hlut útgerðarinnar hafi verið meira en þau 20% sem skipst hafi milli útgerðarinnar og áhafnarinnar.

Stefndi byggir á því að ekki sé heimilt samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða að landa afla utan aflamarks nema sem VS-afla. Krafa stefnanda um löndun og sölu á afla utan aflamarks með öðrum hætti en samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða sé ekki varin af lögum. Aflamark skips stefnda, Valdimars GK, í grálúðu fyrir fiskveiðiárið 2015/2016 hafi verið 733 kíló, en landaður VS-afla í grálúðu í umræddri veiðiferð hafi verið 1.574 kíló.

IV

Máli þessu var vísað frá dómi með úrskurði 3. maí 2017 á þeim grundvelli að aðild stefnanda að málinu uppfyllti ekki skilyrði 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Með dómi Hæstaréttar 12. júní 2017 í máli nr. 313/2017 var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Fram kom í dómi Hæstaréttar að stefnandi hefði á grundvelli 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 heimild til að reka í eigin nafni mál til viðurkenningar á umstefndum réttindum, enda samræmdist það tilgangi sóknaraðila að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tæki til. Þá kom fram í dómi Hæstaréttar að þótt kröfugerð stefnanda væri eftir orðum sínum ekki bundin við þá skipverja í áhöfninni sem væru félagsmenn í aðildarfélögum sóknaraðila yrði að líta svo á að hún sætti að þessu leyti takmörkun af því að þeir einir tækju laun eftir þeim kjarasamningi sem kröfugerðin vísaði til.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að stjórnskipulegu gildi 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2016 um stjórn fiskveiða. Í tilgreindum ákvæðum er kveðið á um að skipstjóra sé heimilt að ákveða að allt að 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem skipið veiðir á hverju tímabili, reiknist ekki til aflamarks þess. Heimildin er bundin þeim skilyrðum í fyrsta lagi að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins, í öðru lagi að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði og í þriðja lagi að andvirði hans, að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið, sé ráðstafað þannig af forráðamönnum viðkomandi uppboðsmarkaðar að 80% renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla, og 20% til útgerðar skipsins, sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

Stefnandi byggir á því að ákvæði þessi samræmist ekki ákvæðum kjarasamnings stefnanda og Landssambands íslenskra útvegsmanna, nú Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi, sem gilt hafi frá 1. janúar 2009, en hann hafi að geyma lágmarkskjör samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980. Samkvæmt kjarasamningnum sé í fyrsta lagi óheimilt að deila aflaverðmæti með þriðja aðila og í öðru lagi hafi 70% af af verðmæti aflans átt að koma til skipta á milli áhafnar og útgerðar og þar af hafi 32,3% átt að koma í hlut áhafnarinnar. Af heildarsöluverðmæti grálúðuaflans, 694.134 krónum, hafi því 70% átt að koma til skipta á milli áhafnar og útgerðar eða 485.894 krónur og af þeirri fjárhæð hafi 32,3% átt að koma í hlut áhafnar eða 156.944 krónur. Áhafnarmedlimir hafi verið 14 og hafi því 11.210 krónur átt að koma í hlut hvers skipverja. Vegna ákvæða 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2016 um stjórn fiskveiða hafi eingöngu 20% aflaverðmætisins runnið til útgerðarinnar og af því hafi 70% komið til skipta á milli áhafnar og útgerðar. Þar af hafi í hlut áhafnarinnar komið 32,3% eins og að framan greinir. Í hlut hvers skipverja hafi því komið 2.242 krónur í stað 11.210 króna.

Stefnandi byggir á því að áðurgreind ákvæði fari í bága við 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár Íslands þar sem segir að í lögum skuli kveðið á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Af þessu leiði að kjarasamningi verði ekki vikið til hliðar nema skýr áskilnaður þar um komi fram í lögum, en sú sé ekki raunin í þessu tilviki.

Um fiskveiðar á Íslandsmiðum gilda m.a. lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Samkvæmt 1. gr. þeirra er markmið laganna að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna ákveður ráðherra að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstöku nytjastofnum við Ísland, sem talið er að takmarka verði veiðar á, og skulu heimildir til veiða samkvæmt lögnum miðast

við það magn. Í 2. mgr. 3. gr. segir að leyfður heildaraflí botnfisktegunda skuli miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. ræðst aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla. Samkvæmt gögnum málsins giltu áðurgreindar takmarkanir á veiðum á grálúðu á þeim tíma sem um ræðir í málinu, þ.e. á fiskveiðiárinu 2015/2016.

Samkvæmt framlögðum gögnum um aflamarkstöðu Valdimars GK 195 á fiskveiðiárinu 2015/2016 nam aflamark þess í grálúðu samtals 987 kg og var það aflamark í heild sinni fært yfir á annað skip. Með tilfærslu úr annarri tegund var aflamark sem nam 733 kg í grálúðu skráð á skipið aftur, sbr. heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, og virðist það hafa verið gert í lok fiskveiðiársins, þ.e. á tímabilinu júní til ágúst 2016. Hinn 28. október 2015, þegar skipið landaði grálúðuafla þeim sem til umfjöllunar er í málinu, var skipið ekki með skráð aflamark í grálúðu og var allur grálúðuaflinn, 1.574 kg, því seldur sem svokallaður VS-aflí með heimild í 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 á uppboðsmarkaði 29. október 2015. Skipið var hins vegar með aflamark í öðrum tegundum sem landað var umræddan dag og var sá aflí seldur á uppboðsmarkaði sama dag.

Áðurgreind heimild í 9. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða kom fyrst í lög með nýju bráðabirgðaákvæði XXIX í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 129/2001 um breytingu á lögnum, og gildi heimildin í fyrstu út fiskveiðiárið 2002/2003. Heimildin var síðar framlengd með lögum nr. 75/2003 og að lokum færð varanlega í lög með lögum nr. 28/2005. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 129/2001 og frumvarpi til laga nr. 75/2003 kom m.a. fram að tilgangur heimildarinnar væri fyrst og fremst að koma í veg fyrir brottkast með því að opna leið fyrir útgerðir til að koma með fisk að landi sem að öðrum kosti hefði getað farið í sjóinn aftur, annaðhvort vegna þess að hann væri verðlítill eða vegna þess að skipið hefði ekki nægilegt aflamark í viðkomandi tegund. Þótt áhöfn skips bæri vissulega lagaskylda til að hirða allan fisk sem veiddist væri ljóst að mikil freisting væri fyrir hendi að henda verðlittum fiski og fiski sem viðkomandi skip hefði ekki nægilegt aflamark í. Gert væri ráð fyrir að útgerð skips og áhöfn hefðu ekki hag af veiðunum, en yrði þó greitt eitthvað fyrir þann kostnað og vinnu sem fælist í að skila honum að landi.

Samkvæmt framangreindu var tilgangur heimildarinnar sá að sporna gegn brottkasti á fiski og þar með sóun verðmæta, sem og að hvetja til betri meðferðar aflans.

Launakerfi íslenskra sjómanna hefur lengst af byggst á hlutaskiptum, þ.e. sjómönnum á fiskiskipum hefur verið greitt með ákveðinni hlutdeild í þeim afla

sem skip þeirra kemur með að landi í stað fastra mánaðarlauna, sbr. ákvæði kjarasamnings stefnanda og Landssambands íslenskra útvegsmanna, nú Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi, sem gilt hefur frá 1. janúar 2009. Í grein 1.29 í kjarasamningnum segir að um skiptaverðmæti aflans fari samkvæmt lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nú lög um skiptaverðmæti, sbr. lög nr. 44/2013 um breytingu á þeim. Í lögum nr. 24/1986 er kveðið á um að skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta skuli vera ákveðin hlutfallstala af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Þá segir í grein 1.28.1 í áðurgreindum kjarasamningi að útgerðarmaður hafi með höndum sölu aflans og hafi til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Þá skuli útgerðarmaður tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn.

Eins og áður greinir var aflamark fiskiskipsins Valdimars GK 195 í grálúðu á umræddu fiskveiðiári 733 kg. Heildargrálúðuafli skipsins á fiskveiðiárinu var hins vegar 3.694 kg eða 2961 kg umfram aflamarkið. Samkvæmt þeim reglum sem gilda um fiskveiðar hér við land og áður hefur verið lýst, sbr. 1 mgr. 3. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, hafði stefndi því ekki heimild til að veiða nema hluta af þeim grálúðuafli sem skipið kom með að landi á áðurgreindu fiskveiðiári. Samkvæmt 11. gr. laganna er við slíkar aðstæður í fyrsta lagi heimilt að skerða aflamark annarra botnfisktegunda í sama hlutfalli, sbr. 1. mgr. 11. gr., en slík heimild er þó takmörkuð, í öðru lagi að draga umframaflann frá við úthlutun aflamarks næsta árs, sbr. 4. mgr. 11. gr., en sú heimild er einnig takmörkuð, og í þriðja lagi að ákveða að umframaflinn reiknist ekki til aflamarks skipsins, sbr. 9. mgr. 11. gr., með þeim skilyrðum sem þar greinir og áður hefur verið gerð grein fyrir. Voru stefndi og áhöfn skipsins bundin af þessum reglum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, sem eins og áður greinir hafa að markmiði að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum, og hlaut uppgjör á milli útgerðar og áhafnar að taka mið af þessum reglum. Eins og áður greinir og í samræmi við 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 rann 20% af söluandvirði VS-aflans til stefnda og skiptist því það „heildarverðmæti sem útgerðin [fékk] fyrir hann“ á milli stefnda og áhafnar í samræmi við ákvæði kjarasamnings aðila þar um, sbr. grein 1.29, og lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki fallist á það með stefnanda að það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 samræmist ekki áðurgreindum kjarasamningi eða fari í bága við 1. gr. laga 55/1980 og 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá bendir stefnandi á að ákvæði áðurgreinds kjarasamnings stefnanda og Landssambands íslenskra útvegsmanna, nú Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi, leggi þá skyldu á herðar útgerðar að hún tryggi skipverjum hæsta gangverð fyrir aflann og að ákvæði kjarasamningsins miði að því að tryggja sem best hlut áhafnar

í aflaverðmætinu. Þrátt fyrir þessar skyldur hafi stefndi ákveðið einhliða í greint sinn að selja grálúðuaflann sem svokallaðan VS-afla á uppboðsmarkaði þannig að einungis 20% verðmætis hans hafi runnið til útgerðarinnar. Á þennan hátt geti útgerð ákveðið að ráðstafa afla úr tiltekinni veiðiferð sem VS-afla á kostnað áhafnar, sem þó inni af hendi sömu vinnu og endranær án þess að fá endurgjald vinnu sinnar nema að litlu leyti og alls ekki í samræmi við ákvæði kjarasamnings um skiptakjör. Útgerðin geti hins vegar ákveðið síðar að nýta aflamark sitt í viðkomandi tegund, jafnvel á öðru skipi með annarri áhöfn. Engu skipti því fyrir útgerðina hvernig uppgjör einstakra veiðiferða er. Hið sama gildi hins vegar ekki um áhöfnina, en ekki sé víst að sama áhöfn og skipti með sér verðmæti VS-aflans njóti þess síðar í launum þegar útgerðin kys að nýta aflamark sitt í viðkomandi tegund.

Skilja verður málatilbúnað stefnanda á þann hátt að hann telji að framangreint fyrirkomulag geti haft í för með sér skerðingu á aflahæfi skipverjanna, sem njóti verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrár Íslands, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 22. maí 1998 í máli nr. 311/1997.

Af gögnum málsins verður ekki fullyrt að sú ákvörðun skipstjóra að nýta sér heimild 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 til að selja umframafla af grálúðu sem VS-afla í greint sinn hafi verið á kostnað þeirrar áhafnar, sem var á skipinu í umræddri veiðiferð, umfram áhafnir skipsins í öðrum veiðiferðum eða á öðrum fiskiskipum stefnda, en engra upplýsinga nýtur við um það hvernig mannað var í áhöfn skipsins Valdimars GK 195 í einstökum veiðiferðum á fiskveiðiárinu eða hvernig uppgjóri og greiðslum til einstakra áhafnar meðlima var háttað. Þá liggur fyrir að nýting heimildarinnar færði stefnda ekki fjárhagsleg gæði á kostnað áhafnarinnar, en eins og áður greinir var því heildarverðmæti sem útgerð fékk fyrir aflann skipt á milli útgerðar og áhafnar í samræmi við kjarasamning.

Þá liggur fyrir að heildarafli Valdimars GK 195 á áðurgreindu fiskveiðiári var 2.528.044 kg, en samtals var 2.141 kg af grálúðu og ýsu ráðstafað sem svokölluðum VS-afla eða sem nemur 0,48% af heildaraflanum. VS-afli skipsins var því óverulegur hluti af heildarafla skipsins og innan við tíundi hluti þess sem 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 heimilar. Þá ber að líta til þess að með lögfestingu heimildar í 9. og 10. mgr. 11. gr. var opnuð leið fyrir veiðiskip til að koma með verðlítinn fisk eða umframafla að landi, sem að öðrum kosti hefði getað farið í hafið aftur, sbr. ummæli í athugasemdum með frumvarpi til laga 129/2001 og laga nr. 75/2003 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, en þar kemur fram að kannanir hafi staðreynt með ótvíræðum hætti að tíðkast hafi að henda slíkum afla. Eins og áður greinir var við það miðað að útgerð skips og áhöfn hefði ekki hag af veiðunum, en yrði þó greitt eitthvað fyrir þann kostnað og vinnu, sem fælist í að

skila honum að landi.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er ekki fallist á það með stefnanda að sýnt hafi verið fram á að reglur 9. og 10. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 hafi haft í för með sér þá skerðingu á aflahæfi skipverjanna á Valdimar GK 195 í greint sinn að í bága fari við 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár Íslands.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða málsins sú að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 er stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 800.000 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Stefndi, Þorbjörn hf., er sýkn af dómkröfum stefnanda, Sjómannasambands Íslands.

Stefnandi greiði stefnda 800.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Bragadóttir

Rétt endurrit staðfestir,

í Héraðsdómi Reykjaness, 13. nóvember 2017